

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Dögg Harðardóttur

Lagt fram á 14. fundi Stjórnlagaráðs, 24.6.2011

Störf Alþingis

14. Staðfesting laga/málskotsréttur

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Valkostir I og II sameinaðir.	Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt forseta Alþingis. Gengur frumvarp þá aftur til Alþingis. Gangi frumvarp á ný til Alþingis skal það eftir umfjöllun í þingnefnd, rætt og afgreitt við eina umræðu. Verði frumvarpið samþykkt án efnisbreytinga fær frumvarpið engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki	

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

	<p>fram ef Alþingi fellir lög áður úr gildi. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir um í lögum.</p> <p>Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.</p>	
--	--	--

Skýring:

Í valkosti I og II er málskotsréttur forseta virtur. Ágreiningurinn snýst um hvaða leið eigi að fara eftir synjunina. Þegar forseti hefur synjað lögum staðfestingar hingað til hefur það verið eftir mikla áskorun frá almenningi. Nái breytingartillagan fram að ganga veit Alþingi þegar forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar að verði engar breytingar gerðar á frumvarpinu fer það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú staðreynd ætti að vera hvati fyrir þingið til endurskoðunar.